

Fundargerð

Boðað var til 134. fundar stjórnar VM, miðvikudaginn 22. maí n.k. kl. 11:00

Fundurinn verður haldinn í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir eru: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Símon Guðvarður Jónsson, Agnar Ólason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Andrés Bjarnason, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson. Guðni Elísson og Þorsteinn Hjálmarsson í gegnum fjarfund.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 133

Skrifað undir fundargerð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.

Formaður fer yfir kjarasamning VM á almennum vinnum markaði, kosningabátttöku um samninginn, og hvernig útkoman var í atkvæðagreiðslunni. Um 32% kjörsókn var og samþykktu rétt tæplega 71% félagsmanna samninginn sem tóku þátt.

Formaður talaði um hvernig samningurinn var kynntur af félaginu, um 20 fundir með félagsmönnum, bæði vinnustaðafundir og félagsfundir. Fundað var á vinnustöðum og félagsfundir voru haldnir bæði í Reykjavík og Akureyri.

Einnig sagði formaður stjórnarmönnum frá því að fyrsti fundur með Landsvirkjun vegna kjarasamnings félagsmanna VM sem starfa þar væri á meðan stjórnarfundur væri í gangi. Samflot verður með Rafiðnaðarsambandinu í þeim samning og Með Rafiðnaðarsambandinu og FIT hjá Orkuveitunni og undirfyrirtækjum.

Einnig eru samningaviðræður að fara af stað hjá Kaupskipasjómönnum, Landhelgisgæslunni, Hafrannsóknarstofnun og einnig var sagt frá því að samningurinn hjá Rio Tinto Ísland eru lausir um næstu mánaðarmót.

Kristmundur, hrósaði samningnum en var ekki hrifinn af bakvaktarákvæðunum.

Guðmundur Helgi svaraði því að þessi ákvæði hafi verið úrelt í eldri kjarasamningi.

Símon nefndi einnig að fjarvistarálag í kjarasamningnum væri ekki föst tala.

Guðmundur Helgi sagði að okkur hafi verið boðin ákveðin breyting sem við töldum okkar vera verr settir með en með gamla ákvæðið.

3. Sjómannadagurinn.

Formaður segir frá því að VM hafi heiðrað aldraðann sjómann og gefið verðlaun

Neistann á sjómannadaginn í gegnum tíðina.

Stefán Pétur Hauksson fær Neistann á árinu 2019.

Kristján S. Birgisson verður heiðraður á árinu 2019.

Samþykkt af öllum.

4. Orlofsmál.

Formaður fór yfir stöðuna í orlofsmálum félagsins. Sagði frá því að kvartanir í húsum félagsins hafi aukist nokkuð mikið að undanfögnu. Formaður sagði frá því að orlofsnefndin hafi samþykkt á síðasta fundi hjá sér að bæta við fjórða starfsmanninum yfir sumarið. Einnig að þrír úr orlofsnefndinni ætla að fara hringinn og taka út alla sumarþústaði félagsins. Með því að bæta fjórða starfsmanninum við í sumar á að ná niður viðhaldspörf í orlofssjóðnum.

Þorsteinn spyr um kostnað við aukið stöðugildi? Guðmundur Helgi segist halda að þetta sé 1,8-2,2 milljónir fyrir allt tímabilið.

5. uxdesign.is

Formaður kynnir kerfi sem reiknar út laun á netinu.

6. Yfirlit frá bönkum.

Lagt var fram yfirlit frá Arion banka, Íslandsbanka og Kvikú. Þokkalega ávöxtun er á fjármunum félagsins það sem af er ári. Raunávöxtun er 4-5,5% það sem af er árinu.

7. Önnur mál.

Fundi slitið 14:19.